

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/3166****2025/EES/54/05****frá 18. desember 2024**

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráfærugrís, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur, um leyfi fyrir henni fyrir eldisvín af öllum svínategundum, mjólkurgrís af öllum svínategundum og gyltur af aukategundum svína (leyfishafi er Kemin Europa N.V.), um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 306/2013, (ESB) nr. 787/2013 og (ESB) 2017/2276 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmæðferð við veitingu, breytingu og endurnýjun á slíku leyfi.
- 2) Blanda með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737, áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Bacillus subtilis* ATCC PTA-6737, var leyfð til 10 ára sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 ⁽²⁾, fyrir fráfærugrís og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 306/2013 ⁽³⁾, fyrir gyltur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2276 ⁽⁴⁾ og fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla nema aukategundir alifugla til varps með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 ⁽⁵⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/3166, 19.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 frá 16. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 15, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/787/oj).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 306/2013 frá 2. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) fyrir fráfærugrís og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus* (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtið. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/306/oj).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2276 frá 8. desember 2017 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fôðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtið. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 50, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2276/oj).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16. febrúar 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla nema til varps, leyfi fyrir því fyrir skrautfugla, um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 306/2013, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 787/2013, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1020, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2276 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 107/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2011 (leyfishafi: Kemin Europa N.V.) (Stjtið. ESB L 50, 17.2.2023, bls. 59, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/366/oj).

- 3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis og óskað eftir því að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „þarmaflórustöðgarar“. Umsóknin fól í sér tillögu um að gera breytingu á skilyrðum fyrir upphaflega leyfinu, sem felur í sér aukningu á lágmarksinnihaldi virka efnisins í blöndunni frá 1×10^{10} CFU/g aukefnis í 8×10^{10} CFU/g aukefnis og bæta við möguleikanum á að nota aukefnið í samsetningu með hnislalyfinu halófúgínóni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram önnur umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fôðuraukefni fyrir fráfærugrís, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur og óskað eftir því að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „þarmaflórustöðgarar“. Umsóknin fól í sér tillögu um breytingu á skilyrðum fyrir upphaflega leyfinu, sem felur í sér aukningu á lágmarksinnihaldi virka efnisins í blöndunni frá 1×10^{10} CFU/g aukefnis í 8×10^{10} CFU/g aukefnis og, að því er varðar notkun fyrir gyltur, fjarlægingu á takmörkun á notkun fyrir gyltur frá því þremur vikum fyrir got og á öllu mjólkurskeiðinu. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 5) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir nýrri notkun blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737. Umsóknin varðaði rýmkun á leyfi fyrir blöndunni sem fôðuraukefni svo það nái yfir allar svínategundir í vexti, gyltur og aukategundir svína til undaneldis sem samsvarar nýrri notkun fyrir eldissvín af öllum svínategundum, mjólkurgrísi af öllum svínategundum og gyltur af aukategundum svína. Í umsókninni var óskað eftir því að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og í virka hópinn „þarmaflórustöðgarar“ og fylgdu henni upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 6) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um breytingu á skilmálum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737, eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366, að því er varðar notkun fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, nema til varps. Umsóknin varðaði beiðni um aukningu á lágmarksinnihaldi aukefnisins úr 1×10^7 CFU/kg heilföðurs í 1×10^8 CFU/kg heilföðurs ásamt því að bæta við möguleikanum á notkun aukefnisins í samsetningu með hnislalyfinu halófúgínóni.
- 7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 5. janúar 2024 ⁽⁶⁾ og 2. febrúar 2024 ⁽⁷⁾ að við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð og með tilliti til þess að ekki hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á samsetningu og framleiðsluferli aukefnisins sé blanda með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 áfram örugg fyrir allar tegundir alifugla, fráfærugrís, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur, neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið væri öruggt fyrir öll svín, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan sé ekki ertandi fyrir húð og augu en að hún ætti að teljast öndunarferanæmir og að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingarmátt aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin taldi að aukefnið gæti verið áhrifaríkt hjá alifuglum til eldis og sem eru aldir til varps/undaneldis (hér á eftir nefndir allir alifuglar í vexti) við lágmarksnotkunarmagn sem nemur 1×10^8 CFU/kg heilföðurs og hjá öllum svínum í vexti (flokkar mjólkurgrísa, fráfærugrísa og eldissvína) við lágmarksviðbótarmagn sem nemur 1×10^7 CFU/kg heilföðurs og hjá gyltum og aukategundum svína til undaneldis við 1×10^8 CFU/kg heilföðurs. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. febrúar 2024 varðandi notkun aukefnisins fyrir alifugla að aukefnið sé samrýmanlegt við hnislalyfið halófúgínón. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8562.

⁽⁷⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8650.

- 8) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fôðuraukefni í tengslum við fyrri leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsóknir. Í samræmi við a-, b- og c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005⁽⁸⁾ er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.
- 9) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráferugrísí, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur. Enn fremur ætti að leyfa notkun aukefnisins fyrir eldissvín af öllum svínategundum, mjólkurgrísí af öllum svínategundum og gyltur af aukategundum svína. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.
- 10) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin auk þess að leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 uppfylli enn skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þegar skilmálum þess er breytt að því er varðar notkun fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla nema til varps, með aukningu á lágmarksinnihaldi aukefnisins í 1×10^8 CFU/kg heilföðurs og með því að bæta við möguleikanum á notkun aukefnisins í samsetningu með hníslalyfinu halófúgínóni. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366 til samræmis við það.
- 11) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráferugrísí, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 306/2013, (ESB) nr. 787/2013 og (ESB) 2017/2276 úr gildi
- 12) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla nema til varps, fráferugrísí, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun eða breytingu á leyfunum sem um er að ræða.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í I. viðauka, er endurnýjað fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráferugrísí, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fôðri (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj>).

2. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem aukefni í fóður fyrir eldissvín af öllum svínategundum, mjólkurgrísi af öllum svínategundum og gyltur af aukategundum svína með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366 kemur II. viðauki við þessa reglugerð.

4. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 306/2013, (ESB) nr. 787/2013 og (ESB) 2017/2276 eru felldar úr gildi.

5. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuruaukefnið *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737, eins og það er leyft með framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 306/2013, (ESB) nr. 787/2013, (ESB) 2017/2276 og (ESB) 2023/366, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla nema til varps, fráfarugrísi, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur, og sem eru framleidd og merkt fyrir 8. júlí 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 8. janúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuruaukefnið sem um getur í 1. gr., sem eru ætluð fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla nema til varps, fráfarugrísi, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og gyltur, og sem eru framleidd og merkt fyrir 8. janúar 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 8. janúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppnar.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Kenninúmer föður- aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1823i	Kemin Europa N.V.	<i>Bacillus velezensis</i> ATCC PTA- 6737	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Bacillus velezensis</i> ATCC <i>PTA-6737</i> sem inniheldur að lágmarki 8×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur <i>Bacillus velezensis</i> ATCC PTA-6737. Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda: Dreifingaraðferð á trýptónsojaagar (EN 15784) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Eldissvín af öllum svína- tegundum Spenagrisir af öllum svína- tegundum	—	1×10^7	—	1. Í notkunarleiðbein- ingum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- skilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Nota má aukefnið sam- tímis eingöngu eftir- farandi hníslalyfjum í samræmi við viðkom- andi skilyrði fyrir leyfum fyrir þeim sem fóðuraukefnum: díkласúríl, róbenidín- hýdróklóríð, lasalósíð- A-natríum, madúra- mísínammóníum, mónensínnatríum, dekókínat, natríumsalínómýsín, narasín, narasín/níkar- basín og halófúgínón.	8. janúar 2035
				Gyltur af öllum svína- tegundum Eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis		1×10^8			

Kenninúmer fóður- aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
								3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

II. VIÐAUKI

Kenninúmer föður- aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1823i	Kemin Europa N.V.	<i>Bacillus velezensis</i> ATCC PTA- 6737	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Bacillus velezensis</i> <i>ATCC PTA-6737</i> sem inniheldur að lágmarki 8×10^{10} CFU/g aukefnis, Fast form Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænleg gró <i>Bacillus velezensis</i> ATCC PTA-6737. Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda: Dreifingaraðferð þar sem notaður er trýptónsojaagar (EN 15784) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) eða DNA- raðgreining	Eldiskjúk- lingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla nema aukategundir alifugla til varps	—	1×10^8	—	1. Í notkunarleiðbein- ingum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskil- yrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Nota má aukefnið samtímis eingöngu eftirfarandi hnís-la- lyfjum í samræmi við viðkomandi skilyrði fyrir leyfum fyrir þeim sem föðurau- kefnum: díklasúríl, róbenidínhýdróklóríð, lasalósíð-A-natríum, madúramísínammón- íum, mónensínn- atrium, dekókinat, natríumsalínómýsín, narasín, narasín/níkar- basín og halófúgínón.	9. mars 2033
				Skrautfuglar		1×10^7			

Kenninúmer fóður- aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
								3. Að því er varðar notendur aukefnis og förblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónu- hlífar við notkun á aukefninu og förblöndunum, s.s. öndunar- og húðvörn.	

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.